

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Einholt-Þverholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. maí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að landnotkun á syðri hluta reits sem markast af Einholti, Háteigsvegi, Þverholti og Stórholti breytist úr miðsvæði í íbúðarsvæði. Þéttingarsvæðin verða þrjú með þessari breytingu, Hlemmur (þéttingarsvæði 7), Einholt-Þverholt (þéttingarsvæði 17) og Ásholtsreitir (þéttingarsvæði 18). Gert er ráð fyrir 150 íbúðum á þéttingarsvæði 7 í stað 250, allt að 240 íbúðum á þéttingarsvæði 17 og 50 íbúðum á þéttingarsvæði 18.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. maí 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.